

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Vesturbæjar vegna Norðurbrautar 35.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. maí 2026 breyting á deiliskipulagi Vesturbæjar vegna Norðurbrautar 35.

Breytingin felst í því að skilmálum vegna Norðurbrautar 35 er breytt þannig að heimilt verður að hafa 2 íbúðir í húsinu.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga, vegna Tunguhellu 1–7, sameining lóða.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. maí 2026 breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga, vegna Tunguhellu 1–7.

Breytingin felst í sameiningu fjögurra lóða, Tunguhellu 1, 3, 5 og 7, í eina lóð, Tunguhellu 1, samanber heimild í skilmálum deiliskipulagsins.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 1. júní 2026.*

F.h. skipulagsfulltrúa,  
**Anne Steinbrenner** verkefnastjóri.

---

B deild - Útgáfudagur: 15. júní 2026